

Ívar Örn Benediktsson, associate senior lecturer
Dept. of Geology, Lund University
Sölvegatan 12
S-223 62 Lund
Sweden



UMHVERFISSTOFNUN

Umhverfisstofnun
Áb. _____
25. mars 2014
9.5.1
Tilv. _____

Hellu, 24. mars 2014
Tilvísun: UST20140200103/ie

Flug yfir Þjósárver vegna jarðfræðirannsókna við Múlajökul

Vísað er til tölvupósts dags. 12. febrúar sl., þar sem óskað er eftir leyfi til þyrluflugs með rannsóknarfólk og búnað yfir efri hluta Þjósárvera, að Múlajökli.

Lýsing framkvæmdar:

Verkefnið lýtur að rannsóknum á setlögum og landformum sem tengjast framrásum Múlajökuls á síðustu 300-400 árum, og hvað þau geta sagt til um sögu og hegðun jökulsins. Þær hafa farið fram frá árinu 2009, að undanskildu einu ári.

Óskað er leyfis til að fjúga inn á rannsóknarsvæðið frá flugbrautinni við Hreysislón; fjórar ferðir fram og til baka þann 24. júlí nk. og tvær ferðir 1. ágúst. Í hvívetna verði þess gætt að fara yfir mela og sanda, til að valda sem minnstri truflun á fuglalífi.

Áhrifamat:

Þjósárver eru friðland og gilda um það sérstakar reglur sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 507/1987. Í reglum um friðlandið kemur m.a. fram að flug neðan 3.000 feta hæðar yfir friðlandinu utan jökuls er óheimilt á tímabilinu 10. maí til 10. ágúst. Ennfremur segir að Umhverfisstofnun geti veitt leyfi til að vikið verði frá reglunum í einstökum tilfellum.

Umhverfisstofnun bendir á að sótt var um sams konar leyfi árið 2009 og leitaði Umhverfisstofnun þá állits Náttúrufræðistofnunar Íslands og Þjósárveranefndar. Umhverfisstofnun veitti umbeðið leyfið þá, sem og síðar, með þeim skilyrðum að aurar, melar og önnur ógróin svæði efst í verunum yrðu þrædd til forðast að raska lífi fugla, sem gjarnan halda sig í gróðursælli verum.

Skilyrði:


Að mati Umhverfisstofnunar eru ekki líkur á að fyrirhugaðar ferðir muni hafa áhrif á verndargildi svæðisins og veitir hún því heimild fyrir framangreindum flugferðum með eftirtöldum skilyrðum:


- a) Leyfi þetta gildir þann 24. júlí og 1. ágúst 2014, fyrir fjórar flugferðir fyrri daginn og tvær þann síðari.
- b) Flugið verði frá Hreysislóni og þræddir verði aurar, melar og önnur ógróin svæði efst í verunum.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun gerir ekki ráð fyrir að viðhafa sérstakt eftirlit með fluginu innan friðlandsins, og gerir ráð fyrir að öllum skilyrðum flugmálayfirvalda varðandi flugið verði fylgt.

Virðingarfyllst


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri


Ingibjörg Eiríksdóttir
Sérfræðingur